



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 6/2010

## Ummæli stjórnarformanns Sparnaðar ehf. í fréttatilkynningu

### I.

#### Erindið

Neytendastofu barst erindi KB Ráðgjafar ehf., dags. 18. maí 2009, þar sem kvartað er yfir ummælum stjórnarformanns Sparnaðar ehf., f.h. félagsins, í fréttatilkynningu þann 1. apríl 2009. Telur KB Ráðgjöf að með fullyrðingum sem birtust í fréttatilkynningunni um starfsemi KB ráðgjafar hafi stjórn Sparnaðar brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Er sérstaklega vísað til ákvæða 5., 8., 13. og 14. gr. laganna.

Af hálfu KB Ráðgjafar eru einkum gerðar athugasemdir við eftirfarandi ummæli og fullyrðingar:

*„KB-ráðgjöf sem er söluaðili og dótturfélag Nýja Kaupþings Banka hefur einnig orðið uppvís að rangfærslum og blekkingum í tilraun sinni til þess að ná í lífeyrissparnað hjá viðskiptavinum Bayern Líf“.*

*„En það er ólíðandi, bæði fyrir fólkið í landinu og samkeppnisaðila bankanna, að þeir beiti blekkingum og rangfærslum til þess að ná til sín sparnaði fólks“.*

*„Ráðherra bankamála hefur verið upplýstur um þessa ólögmatu og siðlausu viðskiptahætti Nýja Landsbankans og KB-Ráðgjafar“.*

Þess er óskað að Neytendastofa láti uppi álit sitt á því hvort Sparnaður hafi með framferði sínu brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Þá er þess einnig krafist að stjórnvaldssekt verði lögð á Sparnað í samræmi við heimild í 22. gr. laganna.

Málavextir séu þeir að þann 1. apríl 2009 hafi stjórnarformaður Sparnaðar sent frá sér fréttatilkynningu, f.h. Sparnaðar, þar sem fram komi að félagið hafi sent kvörtun til



Neytendastofu vegna ólögmatra viðskiptahátta NBI hf. og KB Ráðgjafar í tengslum við viðbótarlífeyrissparnað.

Í fréttatilkynningunni, sem m.a. birtist að hluta í frétt á vefritinu [www.visir.is](http://www.visir.is), hafi komið fram áðurtilvitnuð ummæli.

Í kjölfar þess að umrædd grein birtist á vefriti Vísis höfðu forsvarsmenn KB Ráðgjafar þegar samband við Neytendastofu og Viðskiptaráðuneyti og óskuðu þess ítrekað að fá erindi Sparnaðar í hendur. Kvörtun Sparnaðar, dags. 2. apríl 2009, var móttækin hjá Neytendastofu 7. apríl s.á. og barst KB Ráðgjöf með bréfi Neytendastofu, dags. 8. s.m., þar sem óskað var eftir athugasemdum KB Ráðgjafar við kvörtunina. KB Ráðgjöf kom athugasemdum sínum til Neytendastofu með bréfi, dags. 27. apríl 2009.

Í ljósi þess hve langur tími leið frá því er ummælin birtust í frétt Vísis og þar til erindi Sparnaðar barst KB Ráðgjöf áttu forsvarsmenn félagsins afar erfitt með að svara þeim ásökunum sem þar birtust og koma þannig í veg fyrir að frekara tjón hlytist af. Þá gerði stjórn Sparnaðar enga tilraun til þess að afla skýringa KB Ráðgjafar á þeim atvikum sem virðist liggja að baki fréttatilkynningunni.

Í bréfi KB Ráðgjafar segir að með lögum nr. 50/2008 hafi verið gerðar breytingar á þágildandi lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005, þar sem leitast var við að innleiða ákvæði tilskipunar 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum.

Í athugasemdum við framvarp það sem varð að lögum nr. 50/2008 segi m.a. að samkvæmt d. lið 2. mgr. nefndrar tilskipunar gildi hún um viðskiptahætti fyrirtækja gagnvart neytendum en með því sé átt við hvers konar aðgerð, aðgerðaleyssi, háttarni eða framsetningu og samskipti í viðskiptum af hálfu fyrirtækis, sem tengist beint kynningu, sölu eða afhendingu á vöru eða þjónustu til neytenda, samanber nánar 6. tölul. 3. gr. laga nr. 57/2005.

Í 7. lið inngangsorða tilskipunarinnar komi fram að hún gildi um viðskiptahætti sem beinlínis sé ætlað að hafa áhrif á viðskiptaákvæðanir neytenda varðandi vörur og þjónustu, en viðskiptahákvörðun sé í k. lið 2. gr. tilskipunarinnar skilgreind sem „*ákvörðun sem neytandi tekur um það hvort, hvernig og með hvaða skilmálum skuli kaupa vöru, greiða fyrir hana, að fullu eða að hluta, halda vörunni eða láta hana af hendi eða neyta samningsréttar varðandi vöruna, hvort sem neytandinn ákveður að hefja viðskipti eða láta það ógert*“.



Af framangreindu leiði að mat á því hvort háttsemi fyrirtækis sé óréttmæt feli í sér að meta þurfi í hvert skipti hvort hún geri það að verkum að neytandi taki viðskiptaákvörðun sem hann hefði ella ekki tekið.

KB Ráðgjöf telur að með háttsemi sinni hafi stjórn Sparnaðar, f.h. fyrirtækisins, brotið gegn ákvæðum 5., 8., 13. og 14. gr. laga nr. 57/2005. Í 5. gr. komi fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Sérstaklega sé tekið fram að bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fari fram eða þjónusta sé veitt. Í 8. gr. segi að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóti í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 50/2008, segi um lagagreinina, að við mat á því hvort háttsemi fyrirtækis teljist óréttmæt skuli skoða hvort háttsemin geri það að verkum að neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið. Í 1. mgr. 13. gr. laganna segi að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 50/2008 segi að greinin sé að nokkru sambærileg 5. gr. þágildandi laga nr. 57/2005 en vegna innleiðingar tilskipunarinnar sé lagt til að gildissvið hennar sé breytt þannig að það taki eingöngu til annarra hagsmuna neytenda en fjárhagslegra. Þá komi einnig fram að orðalagið sé almenns eðlis og tilgangurinn sé því að um þessa hagsmuni gildi áfram þau sjónarmið sem lögð voru til grundvallar við túlkun þágildandi 5. gr. Í 14. gr. laganna komi fram að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita slíkum viðskiptaáðferðum sem sama marki séu brenndar gagnvart keppinautum, enda séu slíkar upplýsingar og viðskiptaáðferðir fallnar til þess að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólnum í atvinnustarfsemi sem lögin taka til. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 50/2008 segir að greinin sé sambærileg 1. mgr. 6. gr. þágildandi laga nr. 57/2005 með þeirri undantekningu að ákvæðið gildi nú eingöngu milli keppinauta. Sambærilegt ákvæði var áður í samkeppnislögum. Þannig segi í athugasemdum við 21. gr. frumvarps til laga nr. 8/1993 að í greininni sé fjallað um mikilvægustu meginregluna sem felst í löggjöf um ólögmeta viðskiptahætti, þ.e. að upplýsingar og skírskotun til annars, sem atvinnurekendur beiti til framdráttar starfsemi sinni, megi ekki vera villandi.

Þær staðhæfingar sem birtast í umræddri fréttatilkynningu séu byggðar á hugarburði forsvarsmanna Sparnaðar um efni símtals milli starfsmann KB Ráðgjafar og nafngreinds viðskiptavinar, eins og rakið sé í athugasemdum KB Ráðgjafar, dags. 27. apríl 2009, vegna kvörtunar Sparnaðar.

Líkt og rakið hafi verið felst mat á því hvort háttsemi fyrirtækis sé óréttmæt m.a. í því að meta þurfi í hvert skipti hvort hún geri það að verkum að neytandi taki viðskiptaákvörðun sem hann



hefði ella ekki tekið. Að mati KB Ráðgjafar verði þau ummæli sem beinist gegn félaginu í fréttatilkynningu Sparnaðar ekki skoðuð á annað hátt en sem tilraun Sparnaðar til þess að hafa áhrif á viðskiptaákvarðanir neytenda á þeim markaði sem aðilar málsins reki starfsemi.

Þegar fullyrt sé í fréttatilkynningu til fjölmiðla að KB Ráðgjöf hafi orðið uppvíst að rangfærslum og blekkingum í þeirri tilraun að ná til sín sparnaði fólks, án þess að fyrir liggi sannanir eða ákvarðanir yfirvalda um slíkt, sé um að ræða rangar og villandi upplýsingar sem ekki hafi annan tilgang en að hafa áhrif á viðskiptaákvarðanir almennings. Því til stuðnings er vísað til ákvarðana Neytendastofu nr. 24/2008, 5/2007, 4/2007 og 5/2005. Þrátt fyrir að breytingar hafi verið gerðar á lögum nr. 57/2005 með lögum nr. 50/2008, frá því að framangreindar ákvarðanir voru teknar, leiði af athugasemdum með frumvarpi til framangreindra laga að sú breyting sem gerð var vegna innleiðingar tilskipunar 2005/29/EB hafi ekki falið í sér mikla breytingu á þeirri framkvæmd sem tíðkist á grundvelli laganna. Að minnsta kosti geti núgildandi lög ekki falið í sér lakari vernd fyrir KB Ráðgjöf en áður gildandi lög.

Við hugsanlegt mat á því hvort Neytendastofa nýti heimild í 22. gr. laga nr. 57/2005 til þess að leggja stjórnvaldssekt á Sparnað er bent á að hér séu til skoðunar alvarlegar fullyrðingar Sparnaðar um rekstur og starfshætti KB Ráðgjafar sem feli í sér aðdróttanir að heiðarleika fyrirtækisins. Ekki sé um að ræða bréf eða tölvupóst sem sendur sé örfáum viðskiptavinum heldur fréttatilkynningu sem m.a. birtist að hluta í frétt á einum stærsta netmiðli landsins. Sú staðreynd hljóti að vega þungt við mat á því hvort leggja eigi stjórnvaldssekt á Sparnað.

## **II.**

### **Málsmeðferð**

#### **1.**

Bréf KB Ráðgjafar var sent Sparnaði til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 12. júní 2009. Svar barst með bréfi, dags. 22. júní 2009. Í bréfinu segir að lög nr. 57/2005 standi ekki í vegi fyrir því að forsvarsmenn fyrirtækja tjái sig í fjölmiðlum um deilur við önnur fyrirtæki. Fréttatilkynning stjórnarformanns Sparnaðar sneri einungis að kvörtun Sparnaðar frá 2. apríl 2009 og sé innihald tilkynningarinnar aðeins útlistun á því sem fram komi í kvörtuninni.

Í erindi KB Ráðgjafar sé vísað til ákvæða og inngangsorða tilskipunar 2005/29/EB og athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 50/2008. Þá segi í erindinu að mat á því hvort háttsemi fyrirtækis sé óréttmæt feli í sér að meta þurfi í hvert skipti hvort hún geri það að verkum að neytandi taki viðskiptaákvörðun sem hann hefði ella ekki tekið.



Háttsemi Sparnaðar hafi ekki verið óréttmæt enda stjórnarmönnum fyrirtækisins heimilt að bera kvörtun sína undir Neytendastofu og frjálst að tjá sig um efni hennar. Þá verði mat á því hvort neytanda sé snúið í viðskiptaákvörðun sinni að grundvallast á því hvort háttsemi fyrirtækis hafi verið réttmæt, en ekki á því hvort neytanda hafi verið snúið. Megi hér taka sem dæmi að ef fyrirtæki leggi fram kæru á hendur öðru fyrirtæki vegna samkeppnislagabrota þá væri það ekki undir nokkrum kringumstæðum talið brot á lögum nr. 57/2005, þrátt fyrir að kæran ein og sér myndi gera það að verkum að neytandi tæki viðskiptaákvörðun sem hann hefði ella ekki tekið.

Að skjóta álitaeftum til stjórnvalda eða dómstóla og tjá sig um efni þeirra geti ekki talist sjálfstætt brot, í það minnsta aldrei áður en dómur eða úrskurður falli. Af þeim sökum er því einnig hafnað að Sparnaður hafi gerst brotlegt við þau ákvæði laga nr. 57/2005 sem talin eru upp í kvörtun KB Ráðgjafar.

Þá er því alfarið hafnað að ákvarðanir Neytendastofu í málum nr. 4/2005, 5/2005, 5/2007 og 24/2008 eigi við enda málsatvik í þeim langt um frábrugðin því sem hér um ræði. Þá er það skoðun Sparnaðar að krafa KB Ráðgjafar sé fráleit um að Neytendastofa nýti heimild 22. gr. laganna og leggi stjórnvaldssektir á Sparnað í ljósi þess að ekki hafi verið brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

## 2.

Bréf Sparnaðar var sent KB Ráðgjöf til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 7. júlí 2009. Svar barst með bréfi, dags. 14. júlí 2009. Í bréfinu eru gerðar athugasemdir við bréf Sparnaðar þar sem fram komi að lög nr. 57/2005 standi ekki í vegi fyrir að forsvarsmenn fyrirtækja tjái sig í fjölmiðlum um deilur við önnur fyrirtæki. Kvörtun KB Ráðgjafar snúi ekki að þeirri staðreynd að forsvarsmenn Sparnaðar hafi sent fjölmiðlum fréttatilkynningu með upplýsingum um umrædda kvörtun. Þeim mun síður beinist hún að því að stjórnvarmönnum fyrirtækisins sé á einhvern hátt óheimilt að bera kvörtun sína undir Neytendastofu eða tjá sig um hana. Þvert á móti snúi kvörtunin að efni fréttatilkynningarinnar og þeim staðhæfingum sem þar séu settar fram, í því skyni að kasta rýrð á starfsemi KB Ráðgjafar með villandi upplýsingagjöf.

Þá séu skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 gerðar kröfur til þess að fyrirtæki geti fært sönnur á fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum hætti. Þá séu einnig lagðar skyldur á fyrirtæki til þess að tryggja að allar forsendur fullyrðinga liggi fyrir áður en þær séu birtar, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3/2004. Eðli málsins samkvæmt hljóti sömu kröfur að vera gerðar til þeirra upplýsinga sem birtist í fréttatilkynningum, þannig að þar séu ekki órökstuddar staðhæfingar á borð við þær sem hér eru til skoðunar.

Hvað varði athugasemdir Sparnaðar um mat á því hvort neytanda sé snúið í viðskiptaákvörðun sinni er bent á að tilskipun 2005/29/EB leggi til grundvallar að við mat á því hvort háttsemi



fyrirtækis teljist óréttmæt skuli skoða hvort viðskiptahættir séu líklegir til þess að raska hegðun hins venjulega neytanda. Þannig verði að fara fram mat á því hvaða áhrif megi ætla að háttsemin hafi á neytendur almennt. KB Ráðgjöf telji að þær fullyrðingar sem settar séu fram í fréttatilkynningu Sparnaðar séu einmitt til þess fallnar að hafa áhrif á viðskiptaákvörðanir neytenda á þeim markaði sem hér um ræði, með þeim hætti að neytandi taki viðskiptaákvörðun sem hann ella hefði ekki tekið.

Að öðru leyti er vísað til fyrri krafna og rökstuðnings.

### 3.

Bréf KB Ráðgjafar var sent Sparnaði til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 7. september 2009. Ekkert svar barst.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 17. mars 2010, var aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu kvartar KB Ráðgjöf ehf. yfir ummælum stjórnarformanns Sparnaðar ehf. sem fram komu í fréttatilkynningu, dags. 1. apríl 2009. Einkum er kvartað yfir ummælunum:

*„KB-ráðgjöf sem er söluaðili og dótturfélag Nýja Kaupþings Banka hefur einnig orðið uppvís að rangfærslum og blekkingum í tilraun sinni til þess að ná í lífeyrissparnað hjá viðskiptavinum Bayern Líf“.*

*„En það er ólíðandi, bæði fyrir fólkið í landinu og samkeppnisaðila bankanna, að þeir beiti blekkingum og rangfærslum til þess að ná til sín sparnaði fólks“.*

*„Ráðherra bankamála hefur verið upplýstur um þessa ólögætu og siðlausu viðskiptahætti Nýja Landsbankans og KB-Ráðgjafar“.*

Telur KB Ráðgjöf að framangreind ummæli brjóti gegn ákvæðum 5., 8., 13. og 14. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Af hálfu Sparnaðar er því hafnað að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Lögin standi ekki í vegi fyrir því að forsvarsmenn fyrirtækja tjái sig í fjölmiðlum um deilur við önnur



fyrirtæki. Stjórnarmönnum Sparnaðar sé heimilt að bera kvörtun sína undir Neytendastofu og frjálst að tjá sig um efni hennar.

## 2.

Í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæðið 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Ákvæði 13. gr. er í IV. kafla laganna og fjallar það um vernd annarra hagsmuna neytenda en fjárhagslega. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“*

Í umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008 segir að orðalag ákvæðisins sé almenns eðlis og tilgangurinn með því sé sá að um þessa hagsmuni neytenda gildi áfram þau sjónarmið sem lögð voru til grundvallar við túlkun 5. gr. áður gildandi laga nr. 57/2005. Í lögskýringargögnum með ákvæði þágildandi 5. gr. laga nr. 57/2005 kom fram að ákvæðið væri almenn vísiregla að því er varðaði viðskiptasiðferði og því væri ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:



*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“*

Samkvæmt ákvæðinu mega fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum því ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinautum auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

### 3.

Í fréttatilkynningu Sparnaðar kemur fram að Sparnaður telji KB Ráðgjöf og Nýja Landsbankann hafa beitt blekkingum og rangfærslum til þess að fá einstaklinga til að eiga viðskipti við félögin. Neytendastofa áréttar að í máli þessu verður ekki tekin efnisleg afstaða til fullyrðinga í fréttatilkynningunni um meint lögbrót Nýja Landsbankans og KB Ráðgjafar enda eru kvartanir þess efnis til meðferðar hjá stofnuninni í öðrum málum.

Fréttatilkynningin er gefin út að frumkvæði Sparnaðar og þar gerð grein fyrir því að Neytendastofu hafi verið send kvörtun vegna viðskiptahátta félaganna. Fréttatilkynningin er gefin út þann 1. apríl 2010. Kvörtun Sparnaðar til Neytendastofu vegna viðskiptahátta Nýja Landsbankans er dagsett 24. mars 2010 en kvörtun vegna viðskiptahátta KB Ráðgjafar þann 2. apríl s.á. Í hvorugu málinu lá fyrir niðurstaða Neytendastofu þegar fréttatilkynning var gefin út.

Með lögum nr. 57/2005 er ekki komið í veg fyrir að fyrirtæki tjái sig um keppinauta sína eða að leitað hafi verið, eða að leitað verði, til Neytendastofu vegna viðskiptahátta keppinauta. Í lögnum eru þó settar ákveðnar skorður við því að slíkt sé gert með ósanngjörnum hætti eða þannig að vegið sé að keppinauti, vöru eða þjónustu sem keppinautur selur.

Að mati Neytendastofu er afar óheppilegt að fréttatilkynning, með fullyrðingum um ólögmeta viðskiptahætti og tilkynningu um að málið hafi verið sent stofnuninni til umfjöllunar, sé birt áður en kvörtun er send. Þá telur stofnunin orðalag fréttatilkynningarinnar óvarlegt þar sem fullyrt er með óyggjandi hætti að viðskiptahættir Nýja Landsbankans og KB Ráðgjafar séu ólögmetir og siðlausir þrátt fyrir að hlutaðeigandi eftirlitsstofnun hafi ekki skorið úr um það. Ummælin eru að mati Neytendastofu sett fram í þeim tilgangi að hafa áhrif á viðskipti við þjónustu Nýja Landsbankans og KB Ráðgjafar. Með vísan til alls framangreinds telur Neytendastofa að hinar umkvörtuðu fullyrðingar í fréttatilkynningunni brjóti gegn ákvæðum 5. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005.





Að mati stofnunarinnar hefur ekki verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að ummæli í fréttatilkynningunni hafi áhrif á fjárhagslega hegðun neytenda. Þá fær stofnunin ekki séð með hvaða hætti ummælin hafi áhrif á aðra hagsmuni neytenda en fjárhagslega. Því er ekki um að ræða brot gegn ákvæðum 8. og 13. gr. laga nr. 57/2005.

Með vísan til alls framangreinds, meðalhófsreglu stjórnsluréttar og atvika eins og þeim er háttað í máli þessu telur Neytendastofa ekki ástæðu til að beita heimildum til álagningu stjórnvaldssektar, sbr. 22. gr. laga nr. 57/2005.

#### IV.

##### Ákvörðunarorð:

**„Sparnaður ehf., Holtasmára 1, Kópavogi, hefur brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með birtingu fréttatilkynningar þar sem fram koma fullyrðingarnar:**

*„KB-ráðgjöf sem er söluaðili og dótturfélag Nýja Kaupþings Banka hefur einnig orðið uppvís að rangfærslum og blekkingum í tilraun sinni til þess að ná í lífeyrissparnað hjá viðskiptavinum Bayern Líf“.*

*„En það er ólíðandi, bæði fyrir fólkið í landinu og samkeppnisaðila bankanna, að þeir beiti blekkingum og rangfærslum til þess að ná til sín sparnaði fólks“.*

*„Ráðherra bankamála hefur verið upplýstur um þessa ólögmatu og siðlausu viðskiptahætti Nýja Landsbankans og KB-Ráðgjafar“.*

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Sparnaði ehf. bannað að viðhafa framangreinda viðskiptahætti í framtíðinni. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um viðurlög á grundvelli IX. kafla laganna.“

Neytendastofa, 26. mars 2010

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir